

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 395/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Guðmanni Agnari Óskarssyni Levy

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Fjárdráttur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1995 að ósk ákærða með vísan til a-, b-, c- og d-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991, sbr. lög nr. 37/1994. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu og greiðslu skaðabóta, en að við bættum dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 10. janúar 1994 til greiðsludags, en jafnframt er krafist þyngingar á refsingu og verði hún ekki öll skilorðsbundin.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið við tékka, að fjárhæð 200.000 krónur, frá pokasjóði Landverndar, en tékki þessi var stílaður á Foreldra- og kennarafélag Hlíðaskóla. Ákærði framseldi tékkann og fékk andvirði hans í reiðufé. Ákærða bar þegar í stað að skila þessu fé til eiganda. Það gerði hann ekki og gerði eiganda fjárins enga grein fyrir viðtöku þess eða vörslum fyrr en nokkrum mánuðum síðar. Hefur hann enn ekki gert skil á fénu. Að þessu athuguðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en vexti af skaðabótum.

Í kærubréfi Foreldra- og kennarafélags Hlíðaskóla 23. janúar 1995 var þess krafist, að í refsimáli yrði höfð uppi bótakrafa á hendur ákærða til greiðslu á 200.000 krónum „ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 10. 1. 1994“. Ákærði hefur lýst samþykki sínu við bótakröfu þessari. Frávísun héraðsdómara á vaxtakröfu vegna óskýrleika þykir ófyrirsynju, og þar eð bótakrafan var dæmd í héraðsdómi, að því er höfuðstól varðar, þykir rétt að taka til greina kröfu um dráttarvexti, eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en skaðabætur.

Ákærði, Guðmann Agnar Óskarsson Levy, greiði Foreldra- og kennarafélagi Hlíðaskóla 200.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. janúar 1994 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1995.

Ár 1995, föstudaginn 15. september, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 636/1995: Ákærvaldið gegn Guðmanni Agnari Óskarssyni Levy, á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. júní sl. og birtu 8. þ. m., á hendur Guðmanni Agnari Óskarssyni Levy, Miklubraut 89, Reykjavík, fæddum 16. ágúst 1955, fæðingánúmer 274, fyrir fjárdrátt með því að hafa sem varaformaður í stjórn Foreldra- og kennarafélags Hlíðaskóla 10. janúar 1994 tekið við styrk frá pokasjóði Landverndar, 200.000 kr., og ekki staðið gjaldkera félagsins skil á þeim peningum, sem áttu að renna til orlofssjóðs BHMR, heldur dregið sér þá.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Foreldra- og kennarafélag Hlíðaskóla, Reykjavík, krefst í málinu skaðabóta, 200.000 kr., ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 10. janúar 1994

Ákærði viðurkennir að hafa tekið við fénu, en segist hafa týnt því. Hann gengst ekki við að hafa dregið sér féð. Þar sem afdráttarlaus játning hefur ekki komið fram í málinu, hefur það verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991.

Dagana 9.-10. október 1992 gekkst Foreldra- og kennarafélag Hlíðaskóla fyrir skógræktarferð í Brekkuskóg í Biskupstungnahreppi. Orlofssjóður

BHMR sótti um styrk úr pokasjóði Landverndar til ferðarinnar sem samstarfsverkefnið með foreldrafélaginu 10. febrúar 1992 og lagði út 200.000 kr. til að kosta ferðina. Foreldrafélagið sótti um sama styrk 29. febrúar 1992. Styrkurinn, 200.000 kr., var loks veittur um áramót 1993–1994. Ákærði var varaformaður foreldrafélagsins, og tók hann við styrknum í formi tékka, sem stílaður var á foreldrafélagið 10. janúar 1994, og leysti hann út samdægurs. Andvirði tékkans hefur hvorki skilað sér í sjóð foreldrafélagsins né orlofssjóðinn þrátt fyrir eftirgangsmuni.

Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir lögreglu og dómi. Hann kannast við að hafa tekið við tékkanum og leyst hann út, en ekki getað staðið skil á andvirði hans vegna fjárskorts. Hann segist hafa farið með peningana heim til sín í umslagi, lagt þá í skrifborðsskúffu og ákveðið að láta þá ekki ganga til BHMR, láta heldur skólann njóta þeirra, sjá til, hvort orlofssjóðurinn félli ekki frá tilkalli, og draga málið fram á vor. Þegar til átti að taka, segist hann ekki hafa fundið umslagið með peningunum. Hann segir bú sitt hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta árið 1991 og fjárhag sinn hafa verið slæman síðan. Hann segist álíta, að aðrir stjórnarmenn hafi fyrst fengið að vita um útborgun styrksins vorið 1994; hann hafi þá lofað að skila peningunum og kannast við að skulda bótakröfuna með vöxtum.

Saga ákærða um hvarf peninganna þykir ótrúverðug, en í reynd hefur hann játað alla efnispætti brotsins. Hann hafði hvorki umboð né heimild til að taka við tékkanum fyrir hönd félagsins, og öðrum stjórnarmönnum var ókunnugt um framtak hans. Þegar ákærða hafði tekist að fá tékkann í hendur, bar honum tafarlaust að koma honum til skila, og var ástæðulaust þess vegna að skipta honum í peninga. Eftir að ákærði hafði tekið við tékkanum og leyst hann út, setti hann hagsmuni foreldrafélagsins og orlofssjóðsins í hættu með því að skila ekki peningunum, eins og fjárhag hans var háttað, ekki aðeins, ef hann eyddi peningunum, heldur einnig með því að geyma þá í skrifborðsskúffu heima hjá sér, eins og hann heldur fram, að hann hafi gert. Afleiðingin varð raunar sú, að hann gat ekki skilað fénu. Þykir þá fullsannað með skýrslu ákærða og öðrum gögnum, að hann hafi gerst sekur um fjárdrátt og brotið þannig gegn ákvæði 247. gr. alm. hegningarlaga, eins og greinir í ákæru.

Ákærði hefur ekki sett refsingu fyrir, svo að kunnugt sé. Þykir þá mega skilorðsbinda refsingu hans, sem þykir hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi. Eftir þessari niðurstöðu ber ákærða að greiða sakarkostnað og skaðabætur. Vaxtakrafa er ekki nægilega skýr, til að dómur verði á hana lagður, og verður henni því vísað frá dómi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmann Agnar Óskarsson Levy, sæti fangelsi 6 mánuði. Frestað er framkvæmd refsingar, og fellur hún niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði greiði Foreldra- og kennarafélagi Hlíðaskóla 200.000 krónur og sakarkostnað í ríkissjóð.
